



Staða umbóta vegna ytra mats

Uppfært 9.6.2022

Inngangur

Í þessu skjali er birt uppfærð umbótaáætlun Garðaskóla vegna ytra mats sem fram fór í skólanum í nóvember 2019. Tilgreindar eru þær tillögur sem matsmenn Menntamálastofnunar gerðu til umbóta í starfi skólans.

Efnisatriði eru sett upp í sömu röð og tillögur til umbóta í [skýrslu um ytra mat Garðaskóla 2018](#). Vorið 2019 voru tillögurnar teknar til umræðu í skólasamfélagi Garðaskóla: stjórnendafundum, skólaráði, nemendaráði, kennarafundi og í gæðanefnd. Þessir aðilar skiluðu tillögum um forgangsröðun verkefna og eru hugmyndir að aðgerðum sem fram komu á þessum samráðsfundum eru skráðar inn í umbótaáætlunina.

Vegna langtímaforfalla í stjórnendateyminu, samkomutakmarkana vegna COVID-19 og skólastjóraskipta haustið 2020 tafðist vinna við endurbætur töluvert en þeim hefur nú verið lokið eða eru í vinnslu.

Í þessari uppfærslu eru litir notaðir til að sýna stöðu aðgerða:

- **Rautt:** Vinna að umbótum ekki hafin.
- **Gult:** Vinna að umbótum hafin og í gangi.
- **Grænt:** Umbótum lokið.

Garðabær, 20. febrúar 2023

Jóhann Skagfjörð Magnússon, skólastjóri Garðaskóla



Svið 1: Stjórnun og fagleg forysta

Umbótapáttur	Aðgerðir í Garðaskóla	Hvenær lokið?	Ábyrgðaraðili	Staða máls, endurmat og eftirfylgni
Ljúka þarf heildstæðri endurskoðun skólanámskrár	Skólastjóri gengur frá texta.	Október 2022	Skólastjóri	Skólanámskráin hefur verið birt á vef skólans.
Móta og orða formlega sýn og stefnu skólans	Hugmyndavinna nemenda í umsjónartíma Vinnustofa starfsfólks Vinnustofa starfsfólk framhald	Maí 2020 Júní 2021 Ágúst 2022	Deildarstjóri Skólastjóri Skólastjóri	Hafist verður handa við að vinna þetta verkefni frá grunni vorið 2021. Vinnan er á lokastigi.
Efla þarf samskipti og samstarf við foreldra og foreldrafélagið og leita markvisst eftir hugmyndum foreldra um skólastarfið.	Tveir tölvupóstar á ári til foreldra um störf skólaráðs. Samantekt samráðsfunda send heim til foreldra auk kynningar á kennarafundum. Benda foreldrum á „hafðu samband“ á vef skólans. Skólastjóri sitji a.m.k. tvo fundi á ári með stjórn foreldrafélags. Fréttabréf skólans gefið út í ágúst, október, janúar og apríl	Mar 2020 Feb 2020 Jan 2020 Mar 2020 Apríl 2020	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri	Skólastjóri og stjórn foreldrafélags eru í reglulegu og góðu sambandi og funda reglulega saman. Skólastjóri sendir foreldrum vikulegan upplýsingapóst sem kom í staðinn fyrir fréttabréf nokkrum sinnum yfir skólaárið. Mikil ánægja meðal foreldra með þessa pósta. Í febrúar 2023 hélt skólinn og foreldrafélagið sameiginlegt Skólabing þar sem forráðafólki gafst tækifæri á að koma sínum skoðunum um skólastarfið á framfæri og koma með sínar hugmyndir um framtíðina á framfæri.
Móta þarf skýrari verkferla um innra mat skólans og birta heildstæða greinargerð um framkvæmd, ferli og umbætur innan skólans í sérstöku skjali.	Gæðanefnd setur sér tímalínu og útbýr skjal um innra mat skólans. Gæðanefnd hefur skilað af sér tillögum og þær bíða yfirferðar stjórnendateymis.	Júní 2021 Júní 2022	Skólastjóri Skólastjóri	Hafist var handa á verkefninu á síðasta skólaári en því var ekki lokið. Stefnt er að því að ljúka vinnunni fyrir lok þessa skólaárs. Vinna er á lokastigi.
Huga þarf að því að virkja betur fulltrúa í nemendafélagi/ráði og gera starfsemi þeirra sýnilega meðal nemenda.	Fá bekkjarfulltrúa í öllum umsjónarbekkjum. Fá fulltrúa í nemendaráð. Umbótaverkefni nemenda í umsjónartímum.	Október á hverju ári. Október á hverju ári.	Deildarstjóri Deildarstjóri	Reglulega eru nemendur fengnir til að vinna ýmis umbótaverkefni um nám og kennslu í umsjónartímum. Starfsemi nemendaráðsog bekkjarfulltrúa var minni á tímum covid en er nú á uppleið á nýjan leik.
Þróa markvisst leiðir fyrir stjórnendum og kennara til að fylgjast betur með kennslu og veita endurgjöf.	Gera innlit kennara til annarra kennara að árlegu skylduverkefni.	Árlega	Aðstoðarskólastjóri	Skjalón fyrir innlit í kennslu var endurskoðað og einfaldað. Jafningjainnlit kennara jukust til muna í kjölfarið.



	Endurskoða skapalón um innlit í kennslustund og bæta við samtalsramma fyrir rýni kennara í eigin störf.	September 2019.		
--	---	-----------------	--	--



Svið 2: Nám og kennsla

Umbótapáttur	Aðgerðir í Garðaskóla	Hvenær lokið?	Ábyrgðaraðili	Staða máls, endurmat og eftirfylgni
Birta í námsáætlunum hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.	Endurskoðun skapalóns námsáætlana þannig að í öllum áætlunum sjáist yfirlit um vinnu með grunnþætti menntunar.	Júní 2020	Aðstoðarskólastjóri	Nýtt skapalón fyrir námsáætlanir komið í umferð þar sem allar fagdeildir gera grein fyrir vinnu að grunnþáttum menntunar.
Leita leiða til að auka ánægju nemenda af lestri.	<p>Áætlun læsisteymis 2019 – 2020</p> <p>Áætlun um verkefni í yndislestri</p> <p>Jákvæðara viðmót starfsfólks skólabókasafns.</p> <p>Læsishátíð í des. 2019.</p> <p>Umbótaverkefni í umsjónartímum.</p>	<p>Ágúst 2019</p> <p>Mars 2019</p> <p>September 2019</p> <p>Desember 2019</p> <p>Stöðug vinnsla.</p>	<p>Læsisteymi</p> <p>Læsisteymi</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Aðstoðarskólastjóri</p> <p>Deildarstjóri</p>	Með nýrri læsisstefnu og nýjum starfsmanni á bókasafnið í ágúst 2019 hefur marktækum árangri verið náð. Kennarar láta vita hvað þeir sjálfir eru að lesa með skemmtilegum myndum á skólastofunum sínum. Læsisteymið hefur haldið uppi umræðu í allan vetur og aukið fjölbreytni í vinnu í yndislestrartímum. Spurt er um læsi í Skólapúlsinum og unnið úr þeim niðurstöðum í öllum umsjónarþekkjum. Ánægja af lestri skv. Skólapúlsi hefur farið úr 3,8 veturinn 2018-2019 upp í 4,4 skv. nýjustu mælingum.
Tilgreina með skýrum hætti markmið námsins í upphafi stunda.	<p>Skýr krafa gerð til kennara um að í hverri kennslustund eigi markmið náms að vera sýnileg nemendum.</p> <p>Eftirfylgni stjórnenda.</p>	<p>Júní 2020</p> <p>Júní 2021</p>	<p>Skólastjóri</p> <p>Stjórnendateymi</p>	Regluleg umræða á kennarafundum og fagstjórafundum.
Leggja enn frekari áherslu á markvissa samvinnu nemenda í námi.	<p>Áframhaldandi þróun lokaverkefni í 10. bekk.</p> <p>Stjórnendur kalla eftir upplýsingum um samstarfsverkefni nemenda í fagdeildum og funda með deildunum til að rýna í stöðuna.</p>	<p>Skólaárið 2021-2022</p> <p>Desember 2019</p>	<p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p>	Lokaverkefni voru felld niður skólaárin 2019-2020 og 2020-2021 vegna skerðingar á skólastarfi. Síðan þá hafa verið gerðar breytingar á skóladagatali þannig að lokaverkefnum hefur verið hætt. Mikil aukning hefur orðið á samvinnuverkefnum nemenda í öllum fagdeildum.
Tryggja að val nemenda sé um fimmtungur námstímans.	Val á að vera <i>að hámarki</i> fimmtungur af námstíma nemenda skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Það sem sker niður tíma í vali í viðmiðunarstundaskrá Garðaskóla eru: umsjónartímar (55 mínútur á viku), yndislestur (100 mínútur á viku) og stærðfræðikennsla (60 mínútur á viku umfram viðmið Aðalnámskrár). Skólasamfélagið vegur þessa þætti hærra en val. Það val sem er í boði er og nemendur eru ánægðir með núverandi skipulag. Nemendur hafa val um að taka fjölbrautaráfangna í skyldunámsgreinum og hjá þeim fer meiri tíma í greinar á borð við stærðfræði, ensku og íslensku en aðrar valgreinar. Frá hausti 2019 hafa upplýsingar um nám sem nemendur stunda utan Garðaskóla, svo sem í tónlistarskóla eða íþróttafélag, verið birtar á skýran hátt í stundatöflum, en þessir tímar voru ósýnilegir í töflum nemenda þangað til.			



<p>Gæta þess að hver nemandi fái heldarstundafjölda í samræmi við aðalnámskrá.</p>	<p>Viðmiðunarstundaskrá er fylgt mjög nákvæmlega í Garðaskóla. Umsjónarkennarar og deildarstjórar telja kennslustundir í töflum allra nemenda í september ár hvert og haldin er nákvæm skrá yfir fjölda tíma í töflum allra nemenda í 9. og 10. bekk þar sem stundatöflur eru ólíkar milli nemenda. Skólastjóri gerði athugasemd við matsmenn MMS þegar þessi athugasemd kom fram en ekki var nægilegt tillit tekið til hennar. Matsmenn skoðuðu vissulega stundatöflur þar sem nemendur voru með færri tíma í töflu en gert er ráð fyrir í viðmiðunarstundaskrá. Í öllum þeim tilvikum voru skráðar skýringar á þessu í yfirlitsskjal umsjónarkennara. Frávikin skýrast annað hvort af því að foreldrar hafa samþykkt undanþágu frá námsgrein og/eða skólasókn vegna námserfiðleika eða því að nemandinn var með tólmstundastarf utan Garðaskóla metið til tíma sem valgrein.</p>			
<p>Leggja áherslu á tækifæri nemenda til að vinna að verkefnum út frá eigin áhugasviði.</p>	<p>Endurskoðun námsáætlana fagdeilda. Lokaverkefni 10. bekkjar Miðjan - upplýsingaver: auka og þróa notkun á vinnurýminu halda áfram örnámskeiðum í upplýsingatækni fyrir starfsmenn. Bæta aðgengi nemenda að atvinnutengdu námi. Auka tengingar í starfi við Tækniskólann.</p>	<p>Júní 2020 Árlegt verkefni Árlegt verkefni Árlegt verkefni Júní 2021</p>	<p>Skólastjóri Kennsluráðgjafi og aðstoðarskólastjóri. Kennsluráðgjafi Námsráðgjafar Skólastjóri</p>	<p>Lagt er upp með það við kennara að nemendur hafi val um leiðir í námi sínu þegar því er við komið. Mikil framför hefur orðið þar á. Samkomutakmarkanir höfðu áhrif á þetta verkefni um hríð. Námsráðgjafar hafa staðið sig vel í að koma nemendum í atvinnutengt úrræði. Lítið hefur verið um örnámskeið í Miðjunni fyrir starfsfólk vegna samkomutakmarkana. Samstarf við Tækniskólann féll niður vegna óánægju nemenda Garðaskóla með kennsluna þar. Taka þarf upp þráðinn aftur og athuga hvort hægt sé að koma samstarfinu á aftur. Júní 2022: Nú er ljóst að ekki mun koma til endurnýjunar á samstarfi við tækniskólann. Úrval list- og verkgreina sem valfög hefur hins vegar aukist mjög. Skólaárið 2022-2023 er boðið upp á yfir 40 valáfanga í skólanum. Við lítum á þetta sem eilíft verkefni sem þarf ávallt að minna á reglulega.</p>
<p>Nemendur hafa kost á að velja um námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl.</p>	<p>Endurskoðun námsáætlana fagdeilda. Stjórnendur kalla eftir upplýsingum um val nemenda í námi sínu frá öllum fagdeildum og funda með deildunum til að rýna í stöðuna.</p>	<p>Árlegt verkefni Árlegt verkefni</p>	<p>Aðstoðarskólastjóri Aðstoðarskólastjóri</p>	<p>Reglulega er rætt um mikilvægi þess að nemendur hafi val um leiðir í námi sínu á fagstjórafundum og kennarafundum.</p>



Umbótaáætlun Garðaskóla 2020-2021

<p>Tryggja að nemendur hafi tækifæri til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum um nám og fyrirkomulag skólastarfs og fái til þess þjálfun.</p>	<p>Endurskoðun námsáætlunar í umsjón í öllum árgöngum.</p>	<p>Júní 2020</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Frá og með skólaárinu 2019-2020 hafa umsjónartímar í öllum árgöngum verið 55 mínútur. Skólastjóri í samvinnu við deildarstjóra forgangsraðar vinnu í þeim tímum. Umsjónartímar og foreldrafundir vel nýttir í þetta verkefni. Þarf að fylgja því betur eftir að kennarar gefi nemendum tækifæri til að gefa endurgjöf á kennsluhætti, sem kennarar nýti beint til að þróa starfið hjá sér.</p> <p>Við lítum á þetta sem eilíft verkefni sem þarf ávallt að minna á reglulega.</p>
---	--	------------------	--------------------	--



Svið 3: Innra mat

Umbótaráttur	Aðgerðir í Garðaskóla	Hvenær lokið?	Ábyrgðaraðili	Staða máls, endurmat og eftirfylgni
Birta heildstæða greinargerð um framkvæmd innra mats og umbætur í sérstöku skjali á heimasíðu skólans.	Draga saman efni um innra mat úr skólanámskrá og starfsáætlun. Birta sérstakt skjal í skýrri tengingu við umbótaáætlun skólans á vef skólans	Júlí 2021 og árlega eftir það. Ágúst 2021 og árlega eftir það.	Skólastjóri. Skólastjóri.	Fyrrum skólastjóri var búinn að ræða málið í gæðanefnd skólans en málið hefur tafist vegna skólastjóraskipta og forfalla í stjórnendateyminu. Heildstæð greinargerð verður birt á heimasíðu skólans þegar lokaskýrslu hefur verið skilað.
Skilgreina þarf betur markmið og viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Áætlun gæðanefndar 2019-2020. Samtöl og upplýsingar gæðanefndar við stjórnendur, fagstjóra og verkefnastjóra þeirra verkefna sem eru í umbótaáætlun. Gæðanefnd skilar tillögum.	Desember 2021 Maí 2022	Skólastjóri Skólastjóri	Fyrrum skólastjóri var búinn að ávarpa vandann í gæðanefnd skólans og nefndarmenn voru byrjaðir að safna hugmyndum fyrir umbætur. Málið hefur dregist vegna þess að nefndarstarf hefur að mestu legið niðri vegna COVID-19 en verður tekið upp að nýju á næsta skólaári. Gæðanefnd skólans hefur skilað tillögum og liggja þær nú á borði stjórnenda til yfirferðar. Farið hefur verið yfir þetta með kennarahópnum og m.a. hafa allir fengið endurmenntun í leiðsagnarnámi. Við lítum á þetta sem eilíft verkefni sem þarf ávallt að minna á reglulega.
Mikilvægt er að skipa matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra.	Skólastjóri auglýsir eftir fulltrúum og skipuleggur fundardagskrá.	September 2021	Skólastjóri	Búið var að finna fulltrúa kennara og annarra starfsmanna í teymið en vegna COVID-19 frestaðist þessi vinna. Þráðurinn verður aftur tekinn upp á næsta skólaári og verður þá skipað að nýju í teymið. Gæðanefnd skólans hefur verið að störfum í vetur og birtir skýrslur sínar á vef skólans.
Útfæra má betur helstu áhersluatriði hvers skólaárs í formlegri og skráðri umbótaáætlun.	Draga saman í eitt skjal áherslur skólaársins, aðgerðaráætlanir og skýrslu um árangur.	Í ágúst hvert ár	Skólastjóri	Fyrrum skólastjóri var byrjaður á þessu verkefni en það féll á milli stafs og bryggju við skólastjóraskipti. Verður tekið upp á næsta skólaári.



Umbótaáætlun Garðaskóla 2020-2021

				Pessi vinna hefur nú verið sett inn í árlega starfsskýrslu skólans sem unnin er fyrir hvert haust.
Móta þarf umbótaáætlun fyrir þá þætti sem eru skilgreindir sem tækifæri til umbóta og mikilvægt er að samhliða því fari fram samræða helstu hagsmunaraðila.	Umbótaáætlun skilað til MMS þann 13. júní 2019. Uppfræð umbótaáætlun skilað til MMS 8. maí 2020. Uppfærð umbótaáætlun skilað til MMS 26. febrúar 2021. Ítarleg yfirferð stjórnenda á umbótaáætlun er áætluð í júní 2022 . Lokaskýrslu skilað til MMS í febrúar 2023.		Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri	Samræður milli hagsmunaraðila voru litlar framan af vegna samkomutakmarkana. Vorið 2023 jókst samstarfið mjög í kjölfar algjörs afnáms samkomutakmarkana og þess að nýtt fólk tók við stjórn foreldrafélagsins. Skólaþing sem haldið var í febrúar 2023 er mikilvægt innlegg í umbótaáætlun skólans og verður skrifað inn í hana. Við lítum á þetta verkefni sem eilíft verkefni sem ávallt þarf að vera í skoðun.



Svið 4: Skóli án aðgreiningar

Umbótapáttur	Aðgerðir í Garðaskóla	Hvenær lokið?	Ábyrgðaraðili	Staða máls, endurmat og eftirfylgni
Huga þarf að því að áhersla á yfirferð í námi sé ekki á kostnað dýpkunar og skilnings nemenda.	Kallað eftir álitum kennara í starfsmannasamtölum. Umræða á fundum stjórnenda og fagstjóra. Eftirfylgd með námsáætlunum, samtal stjórnenda og fagdeilda.	Júní 2020 Júní 2020 Febrúar 2020	Skólastjóri Skólastjóri Skólastjóri	Spurning um ferðakerfi skólans var sett inn í starfsmannasamtöl sem fram fóru í jan-maí 2019. Skólastjóri kynnir niðurstöður á starfsmannafundi í ágúst 2019. Málið var ávarpað á fagstjórafundi í apríl 2019. Málið rætt á fundum kennara og fagstjóra haust 2020. Hægferðum var fækkað og því meiri blöndun nemenda í hópum en áður.
Gæta þarf þess sérstaklega að nemendur festist ekki eða einangrist frá félagahópnum í ákveðnum ferðum.	Rýnihópaviðtöl við nemendur í hægferðum. Minnka ferðaskiptingu.	Júní 2020 Júní 2020	Skólastjóri Skólastjóri	Hægferðum hefur verið fækkað og er það mat skólastjórnenda að það hafi skipt máli. Færri nemendur fá nú einstaklingsnámskrá en áður. Öflugra starf umsjónarkennara með bekkjum hefur líka dregið úr félagslegri einangrun einstaklinga.
Gera árlega heildaráætlun um sérkennslu og stuðning.	Endurskoðun og endurskrif á efni um námsver á vef skólans. Endurskipulag á skipulagi sérkennslu fyrir skólaárið 2021-2022	Ágúst 2019 Ágúst 2021	Deildarstjóri námsvers Skólastjóri og deildarstjóri námsvers	Efni á heimasíðu hefur verið uppfært. Með tilkomu nýs skólastjóra mun skipulag sérkennslu verða endurskoðað fyrir skólaárið 2021-2022. Skipulag sérkennslu hefur verið skert og heildaráætlun er unnin fyrir hvert skólaár.
Birta á heimasíðu móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.	Gera texta sýnilegri í móttökuáætlun fyrir nemendur og birta skýrar á vef skólans.	Júní 2020	Skólastjóri	Deildarstjóri hefur skilað áætlun til skólastjóra og áætlunin er í skólanámskrá skólans.
Nemendur hafi beina aðkomu að því að setja sér markmið eða ákveða námsþætti í einstaklingsnámskrám og einstaklingsáætlunum.	Umræða stjórnenda við fagstjóra. Þróun skapalóns fyrir einstaklingsnámsrár.	Júní 2020 Júní 2020	Deildarstjóri námsvers Deildarstjóri námsvers	Markmiðssetning nemenda orðin öflugri með meiri stýringu á foreldraviðtölum og nemendur hafa að meiri aðkomu að því að ákveða námsþætti í einstaklingsnámskrám og einstaklingsáætlunum.